Auglýsing

um að birta í blaðinu „Suðra“ auglýsingar þær, sem um er rætt í opnu brjefi 27. maí 1859. 113 16. okt.

Samkvæmt þeim myndugleika, er ráðgjafinn fyrir Ísland hefur veitt landshöfðingjanum, er hjermeð fyrirskipað:

Frá 1. janúar 1885 skal, þangað til öðruvísi verður ákveðið, birta í blaðinu «Suðra», er út kemur í Reykjavík, auglýsingar þær, sem um er rætt í opnu brjefi 27. maí 1859, um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi um auglýsingar í blöðunum í vissum tilfellum, og sem eptir auglýsingu dómsmálastjórnarinnar 27. júní s. á. átti að birta í blaðinu «Þjóðólfi» þangað til öðruvísi yrði ákveðið.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Reykjavík, 16. dag októbermán. 1884.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Auglýsingar þær, sem hjer er um rætt, verða, samkvæmt þarum gjörðum samningi við landshöfðingjann, teknar í blaðið «Suðra» fyrir þá borgun, er nú skal greina:

8 aura hver prentuð meginmálslína (corpus-lína) og

10 aura hver prentuð smáleturslína (petit-lína).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um endurgjald kostnaðar af heimflutningi þurfalings frá Íslandi til Danmerkur. — Eptir að ráðgjafinn hafði skrifað innanríkisstjórninni útaf brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 5. maí þ. á., viðvíkjandi skyldu þeirri, er ætlað var að hvíldi á bæjarsjóði Ribe að endurgjalda bæjarsjóði Reykjavíkur fyrirfram greiddan kostnað, 96 kr., við heimflutning stúlkunnar Emma Regine Gnatt, hefur innanríkisstjórnin skýrt frá, að hún hafi 29. f. m. ritað amtmanninum yfir Ribe amti, að samkvæmt reglum þeim, sem nokkrum sinnum áður hafi fylgt verið í líkum tilfellum, eigi bæjarsjóður Ribe að endurgjalda að fullu kostnað þann, er hjer um ræðir, þar sem lög um heimflutning þurfamanna o. s. frv. 14. marz 1867 ekki gildi á Íslandi. 114 12. sept.

Þetta er ekki látið hjálíða hjermeð þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* um ferðakostnað sýslumanns og meðdómenda í landamerkjamálum. — Í brjefi, dagsettu 31. október f. á., senduð þjer, herra amtmaður, til minnar úrlausnar fyrirspurn frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu viðvíkjandi því, *hvort* sýslumenn hafi eigi heimild til, samkvæmt gildandi lögum, sjer í lagi 16. grein aukatekjureglugjörðarinnar 10. sept. 1830. að reikna sjer borgun fyrir ferðakostnað í málum, sem meðhöndluð verða eptir landamerkjalögum 17. marz 1882, þótt eigi sje í 14. gr. ákveðið annað gjald handa dómendum en 3 kr. fyrir hvern dag, og í annan stað, *hvort* hinir tilkvöddu dómendur í merkjadómi geti heimtað ferðakostnað sinn endurgoldinn. 115 27. sept.

31. d. októbermán. 1884.

Reykjavík, 1884. Einar Þórðarson.